

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Úlfarsbraut 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 11. desember 2013, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals, hverfi 4 vegna lóðarinnar nr. 16 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ármúli 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 11. desember 2013, breytingu á deiliskipulagi Lág múla, Háaleitisbrautar, Ármúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 1 við Ármúla. Í breytingunni felst að færa spennustöð út úr kjallara og koma henni fyrir norðaustanmegin á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fiskislóð 11-13 og 47.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. október 2013, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 11-13 og 47 við Fiskislóð. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli og skilgreining kvaðar um staðsetningu spennistöðvar á lóðinni Fiskislóð 47.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlíð 9, Klettaskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. nóvember 2013, breytingu á deiliskipulagi Suðurlíða vegna lóðarinnar nr. 9 við Suðurlíð (Klettaskóla). Í breytingunni felst uppbygging á lóðinni m.a. breyting á byggingarreit, aukning á byggingarmagni og því að gert er ráð fyrir boltagerði á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. desember 2013.

Björn Axelsson.